

AUGLÝSING

17

29. jan.

um slit á skemmtunum og öðrum samkomum.

Í framhaldi af auglýsingu um slit á skemmtunum og samkomum, frá 15. jan. þ. á., er lögreglustjórum hér með fengin heimild til að veita þá eina undanþágu frá þeim ákvæðum, sem þar voru sett, að leyfa að skemmtanir og önnur samkvæmi, sem haldin eru á laugardagskvöldum, megi standa til kl. 2 eftir miðnætti.

Reglur þessar taka gildi 1. febrúar n. k.

Dómsmálaráðuneytið, 29. janúar 1948.

Bjarni Benediktsson.

Gústav A. Jónasson.

HAFNARREGLUGERÐ

18

30. jan.

fyrir Seyðisfjarðarkaupstað.

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Seyðisfjarðarhöfn tekur yfir Seyðisfjörð vestan línu, sem hugsast dregin frá Grýtá í Borgartanga.

II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Bæjarstjórn Seyðisfjarðar hefur á hendi stjórn hafnarmálefna undir yfirumsjón samgöngumálaráðuneytisins.

Hafnarnefnd er, auk bæjarstjóra, skipuð þrem mönnum, sem bæjarstjórn kys jafnframt öðrum fastanefndum sínum og til sama tíma. Til aðstoðar þeim skulu vera svo margir starfsmenn, sem þurfa þykir. Skulu þeir ráðnir af bæjarstjórn eftir tillögu hafnarnefndar, sem setur þeim erindisbréf.

Hafnarnefnd annast framkvæmd hafnarmálefna og eftirlit með höfninni og hafnarmannvirkjum, sér um viðhald og umbætur á hvoru tveggja og stýrir öllum framkvæmdum, sem þar að lúta. Bæjarstjóri annast fjárhald og reikningsskil hafnarsjóðs. Dagleg störf við framkvæmdastjórn og eftirlit annast bæjarstjóri einnig, í samráði við hafnarnefnd.

3. gr.

Eignum hafnarsjóðs má einungis verja í þarfir hafnarinnar. Bæjarsjóður ber ábyrgð á eignum og skuldbindingum sjóðsins.

4. gr.

Óheimilt er án samþykkis samgöngumálaráðuneytisins að selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðs eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka lán til lengri tíma en svo, að þau verði endurgreidd af tekjum ársins, sem í hönd fer, að endurnýja lán eða fresta greiðslu þeirra. Enn fremur er óheimilt án samþykkis ráðuneytisins að

18 hefja framkvæmd mannvirkja við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar 30. jan. nægi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

III. KAFLI

Almennar reglur.

5. gr.

Hafnarnefnd sér um, að gætt sé almennrar reglu á höfninni og við hana. Er öllum skylt að hlýða tafarlaust boði og banni hennar eða þeirra starfsmanna, sem hún setur til þess að gæta reglu.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

6. gr.

Skyld er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má ekki kveikja eld eða ljós, nema í eldavél skipsins og á ljóskerum. Tóbaksreykingar eru bannaðar á því svæði sem unnið er að fermingu þeirra eða affermingu. Telji hafnarnefnd hættu geta stafað af fermingu eða affermingu eldfimrar vöru, er henni heimilt að stöðva verkið, unz gerðar hafa verið nauðsynlegar varúðarráðstafanir.

Enn fremur má banna að sjóða tjöru, bik, fernisolíu og annað slíkt, sem eldhætta getur stafað af, í skipum á höfninni eða á landi hafnarinnar.

Bannað er stranglega að skjóta af byssum eða öðrum skotvopnum við höfnina eða á henni.

7. gr.

Seglfestu eða öðru, sem valdið getur skemmdum, má hvergi kasta út á höfninni. Seglfestu má hvergi taka, nema með leyfi hafnarnefndar.

Bannað er að kasta fiskúrgangi eða öðrum óþrifnaði við hafnarbryggjur.

8. gr.

Meðfram strandlengju hafnarinnar má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki né fylla upp eða dýpka, nema samkvæmt tillögum hafnarnefndar og með samþykki bæjarstjórnar. Beiðni um að gera slík mannvirki skal senda hafnarnefnd, er sendir hana áfram til bæjarstjórnar með tillögum sínum.

Sá, sem fengið hefur leyfi til að gera slíkt mannvirki, skal skyldur að halda því svo við, að engin hættu stafi af því. Sé leyfið ekki notað innan 2 ára frá veitingu þess, fellur það úr gildi, og er óheimilt að framkvæma mannvirkið eftir þann tíma, nema nýtt leyfi komi til.

Heimilt er að nema burt án endurgjalds bryggju eða önnur mannvirki í sjó fram, sem staðið hafa ónotuð í 5 ár eða lengur.

Brot gegn þessari grein varða sektum, allt að 10 þús. krónum, og getur stjórn hafnarmálefna látið nema á burt á kostnað eiganda mannvirki, sem byggt er í óleyfi eða án þess að settum skilyrðum sé fylgt.

IV. KAFLI

Lega skipa og umferð þeirra á höfninni.

9. gr.

Fiskiskip og önnur skip, sem ferma ekki né afferma, mega aldrei leggjast svo á höfninni, að tálmi fermingu eða affermingu annarra skipa og skal þeim í hvert skipti skylt að hlýða boði hafnarnefndar eða starfsmanna hafnarinnar um það,

hvar þau megi leggjast. Ekki mega slík skip liggja svo nærri bryggjum, að ekki sé, að dómi starfsmanna hafnarinnar, nægilegt pláss fyrir önnur skip að komast að og frá. 18 30. jan.

Skipum eða bátum má ekki leggja svo, að það hindri eða tefji umferð um höfnina, né þar sem sæsimanum er hættu búin af þeim.

Nú tregðast eigandi við að hlýða boði hafnarnefndar eða starfsmanna hafnarinnar um að flytja skip sitt, bát eða strengi á höfninni, og getur þá hafnarnefnd látið gera það á kostnað hans.

10. gr.

Í sérhverju skipi (að undanteknum skipum, sem hafa leyfi hafnarnefndar til þess að liggja mannlauk í lægi á höfninni), skal jafnan vera einn maður að minnsta kosti, sem tekið gæti á móti skipunum starfsmanna hafnarinnar og framkvæmt þær, hvort heldur á að færa skipið eða gera eitthvað annað samkvæmt reglugerð þessari.

11. gr.

Vélbátum, sem heima eiga í Seyðisfjarðarkaupstað eða gerðir eru út þaðan og liggja við sérstök legufæri á höfninni, má ekki leggja svo, að hindri eða tefji umferð um höfnina. Skal hafnarnefnd ákveða, hvar og hvernig legufæri þeirra skuli lögð.

Enginn má leggja eða flytja legufæri báts síns, nema með leyfi hafnarnefndar, en heimilt er eiganda þeirra að taka þau upp, án leyfis hennar.

12. gr.

Ekki má festa skip við bólvirki eða bryggjur, nema við festarhringa eða festarstólpa. Festum skal þannig komið fyrir, að þær hindri sem minnst umferð á bryggju eða bólvirki. Þyki þess ekki nægilega gætt, má krefjast þess, að bætt sé úr tafarlaust. Skyld er að hafa tryggar hlífar milli skips og bryggju eða bólvirkis.

13. gr.

Ef skip lendir á grynningum eða sekkur, þar sem það, að áliti hafnarnefndar, tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það brott, svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, getur hafnarnefnd látið færa skipið brott á kostnað eiganda.

V. KAFLI

Notkun hafnarbryggna.

14. gr.

Venjulega er skipum heimilt að leggjast við bryggjur hafnarinnar í þeirri röð, sem þau koma. Þó skulu skip, sem sigla eftir fyrir fram ákveðinni, auglýstri ferðaáætlun og flytja póst, að öðru jöfnu hafa rétt til þess að leggjast að bryggju, þótt önnur liggi þar fyrir, og verða þau skip að víkja meðan áætlunarskipin eru afgreidd. Sams konar rétt hafa vélskip fram yfir seglskip. Sé fermingu eða affermingu skips ekki haldið áfram með hæfilegum hraða, að dómi hafnarnefndar, ber því að víkja fyrir öðrum skipum, ef hún krefst þess. Enn fremur getur hafnarnefnd vísað skipum frá bryggjunni, telji hún það nauðsynlegt vegna veðurs eða annars. Ef ágreiningur ris, ræður hafnarnefnd, í hverri röð skip komast að bryggju.

15. gr.

Ef nauðsyn ber til þess, að skipum, sem ferma eða afferma við bryggjur eða bólvirki, sé lagt hverju við hliðina á öðru, er heimilt að flytja farm þeirra skipa,

18 sem utar liggja, yfir þilför hinna á bjálkabráum. Svo er og skipshöfn og farþegum 30. jan. þeirra skipa, sem utar liggja, heimil nauðsynleg umferð um þilför þeirra skipa, sem nær liggja.

16. gr.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu, skal afgreiðslumaður eða skipstjóri, ef þörf gerist, láta ræsta bryggju þá eða bólvirki, sem notað hefur verið. Farist það fyrir, má hafnarnefnd gera það á þeirra kostnað.

17. gr.

Þeir munir eða vörur, sem affermdar eru eða látnar í skip, mega ekki liggja á bryggju eða bólvirki og ekki á öðrum stöðum á landi hafnarinnar en þeim, sem ætlaðir eru til geymslu, nema með sérstöku leyfi hafnarnefndar. Skal flytja brott vörur og muni jafn skjótt og hún krefst þess.

VI. KAFLI

Geymsluskip og skip, sem lagt er í lægi.

18. gr.

Sérstakt leyfi hafnarnefndar þarf í hvert sinn, til þess að leggja megi á höfninni skipum, sem ætluð eru til geymslu eða lagt er í lægi, og skal leyfið bundið því skilyrði, að eigandi láti taka það upp eða sprengja það sundur, ef það sekkur, svo að það skemmi ekki höfnina, og sé því ekki fullnægt innan hæfilegs frests, getur hafnarnefndin látið gera það á kostnað eiganda. Hafnarnefnd ákveður hverju sinni, hvar slíku skipi skuli lagt, hve traust legufærin skuli vera, og hvernig þeim skuli vera fyrir komið. Nú sannar eigandi geymsluskips með vottorði tveggja óvilhallra manna, sem útnefndir séu af hafnarnefnd, að skip hans sé svo þétt, að ekki stafi nein hætta af, hvað leka snertir, þótt það sé mannlaust, þá er honum leyfilegt að leggja skipinu og láta það liggja, án þess að menn séu á því, á þeim tíma árs, þegar ekki verður heimtað ljós á skipum. Skyld er eiganda að flytja skipið úr stað, ef hafnarnefnd krefst þess.

Ljós skulu tendruð á skipum þessum, þegar hafnarnefnd krefst.

19. gr.

Meðan skip liggur mannlaust á höfninni, skal ekki sjaldnar en vikulega fara út í það, til þess að líta eftir því, hvort legufæri eða annað hafi haggast eða bilað, og ef svo reynist, skal lagfæra það svo fljótt, sem auðið er.

Hafnarsjóður ber enga ábyrgð á skipum þeim, sem lagt er í lægi á höfninni.

VII. KAFLI

Hafnargjöld.

20. gr.

Öll skip, seglskip, gufuskip og vélskip, stærri en 12 smál. brúttó, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða lestagjald í hvert sinn, sem þau leggjast við festar á höfninni. Undanþegin eru þó herskip, varðskip, skemmtiferðaskip og björgunarskip.

a. Skip, sem eru eign búsettra manna á Seyðisfirði og skrásett þar og ekki eru í millilandasiglingum, skulu greiða lestagjald einu sinni á ári, 1 krónu af hverri brúttó smálest.

- b. Önnur fiskiskip, 12—50 brúttó smálestir, greiða 15 aura af hverri brúttó smálest í hvert skipti, sem þau koma til hafnar. 18
- c. Skip, sem sigla eftir opinberum áætlunum, skulu greiða 10 aura af hverri nettó smálest, í hvert sinn, sem þau leggjast á höfnina. Innlend strandferðaskip greiði þó ekki gjaldið oftast en einu sinni á mánuði. 30. jan.
- d. Öll önnur skip, sem til hafnar koma, skulu greiða 20 aura lestagjald af hverri nettó smálest.

Ef skip liggur á höfninni lengur en 14 daga, skal það greiða hálf lestagjald að nýju fyrir hverja 14 daga eða brot úr þeim. Hafi skip verið tekið á land til viðgerðar, telst sá tími ekki með, sem það stóð uppi, né heldur þegar skip liggja á höfn, vegna þess að hafís lokar henni.

21. gr.

Hvert skip, sem leggst við bólvirki eða bryggju eða við hlið annars skips, sem liggur við bryggju á höfninni, skal greiða bryggjugjald af nettó stærð skipsins, taldri í heilum smálestum, en brotum skal sleppa. Gjaldið skal greiða fyrir hvern sólarhring eða hluta af sólarhring, 10 aura af hverri smálest, þó ekki minna í hvert skipti en 20 krónur fyrir skip minni en 70 smálesta, og 40 krónur fyrir stærri skip.

Herskip, varðskip og skemmtiferðaskip eru undanþegin bryggjugjaldi.

22. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum og skepnum, lifandi og dauðum, sem fermdar eru eða affermdar á höfninni, með þeim undantekningum, sem um getur í næstu grein.

23. gr.

Af vörum, sem samkvæmt farmskrá skipsins eru ákveðnar til umhleðslu og eiga því ekki að leggjast á land, nema um stundarsakir, greiðist aðeins hálf gjald. Þessar vörur eru algerlega undanþegnar vörugjaldi:

- a. Vörur, sem settar eru á land og eiga að fara aftur með sama skipi, enda sé svo ákveðið í farmskrá.
- b. Umbúðir, sem endursendar eru, enda sé þess getið í farmskrá.
- c. Vistir og aðrar nauðsynjar skipa og báta til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi.
- d. Allar nauðsynjar herskipa og skemmtiferðaskipa.
- e. Póstflutningur og venjulegur farþegaflutningur.
- f. Vörur og tæki til hafnarinnar og annarra fyrirtækja bæjarins.

24. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Brot úr gjald-einingu telst heil gjaldeining. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds, og er skipstjóri skyldur að láta bæjarstjóra í té eftirrit af farmskrá skips hans. Vanti farmskrá skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem skip hans hefur fermt eða affermt. Þyki bæjarstjóra ástæða til, getur hann, hve nær sem er, látið ákveða vörumagn á þann hátt, sem hann telur hentugast. Reynist vara meiri en upp var gefið, greiðir skipið kostnað við mælingu hennar.

Ef ýmsar vörutegundir eru í sömu umbúðum, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæst gjald skal greiða af.

Ef vafi leikur á því, í hverjum flokki skuli telja einhverja vöru, úrskurðar bæjarstjóri, en úrskurði hans má áfrýja til hafnarnefndar.

18 Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því, sem vörugjaldskrá tiltekur, og 30. jan. gjald greiðast, eins og þar segir.

25. gr.

Vörugjaldskrá.

A. Aðfluttar vörur:

1. flokkur. Gjald 10 aurar af hverjum 100 kg:
Kol, salt, sement.
2. flokkur. Gjald 15 aurar af hverjum 100 kg:
Alls konar óunnið járn, bárujárn, eldavélar, saumur, timbur, sem reiknað er eftir þyngd, legsteinar, eldfastur leir, gólf- og veggflísar, eldfastir steinar, garðávextir.
3. flokkur. Gjald 20 aurar af hverjum 100 kg:
Korn- og mjölvörur, kjöt, gufuvélar, benzínvélar, varahlutir til véla, tjara, bik, asfalt, asbest, kaðlar, pappi til húsagerðar, vatnsleiðslu- og miðstöðvarvörur, heyyvinnuvélar, plógar, herfi, sykur, fóðurbætir, kalk, fræ, tilbúinn áburður, olíur og benzín til eldsneytis, til ljósa eða á mótora.
4. flokkur. Gjald 30 aurar af hverjum 100 kg:
Bifreiðar og varahlutir til þeirra, feiti og olíur til smjörlikisgerðar og sápugetar, strigi, tvistur, hessian, bindigarn.
5. flokkur. Gjald 10 aurar af hverjum 10 kg:
Málningarvörur og efni til málningar, lakk, kitti, lím, gips, veggfóður, hráefni til iðnaðar, svo sem sýrur, essensar, breinnisteinn o. þ. h., hráefni til kaffibætisgerðar, korkvörur og óunnið kork, brauðvörur, kex, linoleum, gúmmi og gúmmívörur, pappír og pappírsvörur, blek, baðlyf, ljósaefni, svo sem vax, carbid, glykose o. þ. h., olíufatnaður, maccaroni, útgerðarvörur, svo sem línur, önglar, net, nætur, lengdar- og hraðamælar til skipa.
6. flokkur. Gjald 15 aurar af hverjum 10 kg:
Niðursuðuvörur, blikkvörur, tin, zink, hjólhestar og varahlutir til þeirra, seglgarn, umbúðagarn, ger og efni í það, olíuofnar, verkfæri, svo sem smíðatól, rekur, skóflur o. þ. h., vörur úr eir, messing, bronce o. þ. h., emailleðar vörur, leirvörur, smávélar, svo sem prjónavélar, saumavélar, skilvindur, smáiðnaðarvélar o. þ. h., hreinlætisvörur, svo sem þvottaefni, skó-, gólf- og húsgagnaáburður, gólfklútar, glervörur, ölgerðarvörur og hráefni til ölgerðar, burstavörur og efni til burstagerðar, smá járnvara (isenkram), svo sem skrár og lamir, eldhúsaðhöld, barnavagnar, dívanar og efni í þá, skóáburður, leður og leðurvörur, bókunarvörur, lyfjavörur, ávextir.
7. flokkur. Gjald 25 aurar af hverjum 10 kg:
Rafmagnsvörur, kryddvörur, ljósmyndavörur, viðtæki, eldspítur, smá hljóðfæri og tónvélaþlötur, skrifstofuáhöld, vefnaðarvörur, klukkur, mælar og simar, áttavitar, sportvörur, skot, skotfæri, sprengiefni, sælgæti, súkkulaði, kakaóduft, te, kaffi, kaffibætir, húsgögn, peningaskápar, jólatré, leikföng, sýnishorn o. þ. h.
8. flokkur. Gjald 100 aurar af hverju kg:
Tóbaksvörur, tóbak, vín og spíritus.
9. flokkur. Gjald 4 aurar af hverju teningsfeti:
Trjáviður, sem reiknast í teningsfetum.
10. flokkur. Gjald 10 aurar af hverju teningsfeti:
Allar aðrar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.
11. flokkur. Gjald 5 aurar af hverju stykki:
Tómar tunnur og föt.

B. Útfluttar vörur:

18

30. jan.

1. flokkur. Gjald 20 aurar af hverjum 100 kg:
Ull, ullarvörur, hert skinn, sundmagi.
2. flokkur. Gjald 20 aurar af hverjum 100 kg:
Sildarmjöl, fiskmjöl, lýsi.
3. flokkur. Gjald 10 aurar af hverjum 100 kg:
Aðrar vörur, sem reiknast eftir þyngd.
4. flokkur. Gjald 25 aurar af hverri tunnu:
Krydduð, sykursöltuð eða flött sild.
5. flokkur. Gjald 15 aurar af hverri tunnu:
Kjöt.
6. flokkur. Gjald 10 aurar af hverri tunnu:
Saltsild.
7. flokkur. Gjald 2 aurar af hverju teningsfeti:
Rjúpur og aðrar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.
8. flokkur. Gjald 50 aurar af hverjum grip:
Hestar, nautgripir.
9. flokkur. Gjald 10 aurar af hverri kind:
Sauðfé.

Lægsta gjald í öllum flokkum aðfluttra og útfluttra vara skal þó aldrei vera lægra en 50 aurar. Aldrei skal tekið tvisvar gjald af sömu vöru. Hafnarnefnd er heimilt að undanþiggja vörugjaldi innlendar afurðir, sem fluttar eru að eða frá bænum í smærri stíl.

VIII. KAFLI

Innheimta og reikningshald.

26. gr.

Bæjarstjóri sér um innheimtu allra tekna hafnarsjóðs, og ber að greiða öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari á skrifstofu hans. Öll þessi gjöld má taka lög-taki, og hafa þau sama forgangsrétt sem opinber gjöld.

27. gr.

Gjalddagi lestagjalds er, þegar skipið hefur lagzt á höfnina, gjalddagi bryggju-gjalds, þegar skipið hefur lagzt við bryggju eða skip, og gjalddagi vörugjalds, þegar skipið, sem vörurnar flytur, er komið á höfnina, ef um aðfluttar vörur er að ræða. Sé um útfluttar vörur að ræða, fellur vörugjald af þeim í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar í skip.

Gjalddagi þeirra gjalda, sem eiga að greiðast einu sinni á ári, er 1. júlí.

28. gr.

Skipstjóri ber ábyrgð á greiðslu lestagjalds og bryggjugjalds. Ef enginn skipstjóri er á skipinu, ber eigandi þess ábyrgð á greiðslu gjaldanna.

Móttakandi ábyrgist vörugjald af aðfluttum, en sendandi af útfluttum vörum, auk þess skipstjóri, sé farmur skips ekki skráður.

Hafnarsjóður hefur haldsrétt í skipi fyrir lestagjaldi og bryggjugjaldi, en í vöru fyrir vörugjaldi, unz gjöldin eru greidd að fullu.

29. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

Halda skal reikning yfir allar tekjur og öll gjöld hafnarsjóðs.

Við lok hvers reikningsárs og eigi síðar en fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert

18 skal gera reikning yfir tekjur og gjöld og efnahagsreikning hafnarsjóðs á sérstök 30. jan. eyðublöð, er ráðuneytið lætur gera.

Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og reikninga bæjar-sjóðs, og skal jafnan senda ráðuneytinu afrit af reikningunum þannig.

30. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að hafa samið og lagt fyrir bæj-arstjórn frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarsjóðs á komandi ári. Bæjarstjórn skal hafa fullsamið áætlunina og sent hana samgöngumálaráðuneyt-inu til staðfestingar fyrir árslok ásamt nauðsynlegum skýringum á tekju- og gjaldaliðum.

31. gr.

Nú eru í ráði meiri háttar framkvæmdir eða ráðstafanir, sem samþykki ráðu-neytisins þarf til, og skal þá bæjarstjórn senda ráðuneytinu tillögu um það svo tímanlega, að samþykki ráðuneytisins verði fengið, áður en bæjarstjórn gengur endanlega frá fjárhagsáætlun hafnarsjóðs.

32. gr.

Eigi má hefja framkvæmdir utan fjárhagsáætlunar eða fara fram úr tiltekn-um fjárhæðum án samþykkis bæjarstjórnar og samgöngumálaráðuneytisins.

IX. KAFLI

Ýmis ákvæði.

33. gr.

Sérhver er skyldur til að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til þess að gera höfnina, svo og til þess að gera brautir og vegi í því sambandi og til þess að leyfa, að tekið verði í landi hans grjót, möl og önnur jarðefni og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefur í för með sér, allt þó gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um hæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna að tilkvödd-um báðum málsaðilum. Kostnaður við matið greiðist af hafnarsjóði. Nú vill annar hvor málsaðilja ekki una mati, og getur hann þá heimtað yfirmat, en það skal gera innan 14 daga, frá því er matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnað við yfirmatið greiðir sá, sem þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt honum í vil meiru en nemur 10 af hundraði hinnar ákveðnu endurgjaldsfjárhæðar, ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði.

Sömu reglum og að framan greinir, skal beitt eftir því sem við á um mat skaða-bóta fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum.

34. gr.

Sá, sem hefur bakað sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má ekki fara burt úr höfninni meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, sem bæjarstjóri tekur gilda.

35. gr.

Enginn skipstjóri má vænta þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá lögreglu-stjóra, nema hann sanni, að hann hafi greitt gjöld þau, sem innheimtumaður hafnarsjóðs á að innheimta, svo og sektir og skaðabætur, sem honum kann að bera að greiða.

36. gr.

18

Hverja þá skipun, sem samkvæmt reglugerð þessari má gefa skipi, skal gefa stýrimanni, ef skipstjóri er ekki í skipi né umboðsmaður hans. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum skipverja skipunina, og er það jafngilt, sem skipstjóri hefði fengið hana sjálfur.

30. jan.

37. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 10 þús. króna, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum.

Sektirnar renna í hafnarsjóð Seyðisfjarðar.

38. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

39. gr.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, til að öðlast þegar gildi, og er þá um leið úr gildi numin hafnarreglugerð fyrir Seyðisfjarðarkaupstað, nr. 21 22. jan. 1941, svo og öll önnur ákvæði, sem kunna að fara í bág við reglugerð þessa.

Samgöngumálaráðuneytið, 30. janúar 1948.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

19

6. febr.

um ákvörðun fæðishlunninda sjómanna til skatts samkvæmt 14. gr. laga nr. 128/1947, um dýrtíðarráðstafanir.

1. gr.

Nú stundar sjómaður atvinnu fjarri heimili sínu og skal þá ekki telja honum til skattskyldra tekna fæðishlunnindi, sem hann kann að hafa hjá atvinnurekanda.

En verði hann hins vegar að sjá sér sjálfur fyrir fæði, skal hann eiga rétt á því, að frá tekjum hans sé dregin hæfilegur fæðiskostnaður áður en skattur sé á þær lagður og skal fæðisfrádrátturinn metinn til gjalda jafnt og fæðishlunnindi til tekna, eins og þau eru metin í því skattumdæmi, þar sem atvinna er stunduð.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt heimild í 14. gr. laga nr. 128/1947, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 6. febrúar 1948.

Jóhann P. Jósefsson.

Magnús Gíslason.